**Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis**
nefndasvid@althingi.is

**Efni:** 150. öggjafarþing 2019-2020. Þingskjal 122-122. mál. Stjórnarfrumvarp.

Hér með ítrekar Míla umsögn sína dags. 27. mars 2019 um frumvarp til laga um ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraðafjarskiptaneta.

Eins og fram hefur komið telur Míla telur að meginmarkmið laganna um hagkvæma uppbyggingu háhraðafjarskiptaneta muni ekki nást nema að skilgreining á efnislegu grunnvirki verði útvíkkuð þannig að óvirkur ljósleiðari teljist til efnislegs grunnvirkis samkvæmt lögunum. Míla telur að löggjafinn hafi til þess fulla heimild þar sem tilskipunin sem hér er ætlað að innleiða felur í sér lágmarkssamræmingu og er ríkjum frjálst að innleiða ráðstafanir sem ganga lengra en þau lágmarksskilyrði sem tilskipunin setur.

Virðingarfyllst,
f.h. Mílu ehf.

Auður Inga Ingvarsdóttir,
forstöðumaður lögfræðiþjónustu